

Nr. 066 / 14 Valþór NS 123***Leki og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1081
Smíðaður: Seyðisfirði 1969 stál
Stærð: 60,8 brl. 54 bt.
Mesta lengd: 23,17 m Skráð lengd: 21 m
Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,45 m
Vél: Scania 232 kW 1985
Fjöldi skipverja: 3

Gögn:
Gögn RNS



Valþór ©Hafbór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. júlí 2014 var Valþór NS 123 á siglingu undan Dritvík á Snæfellsnesi. Veður: SA 3-4 m/sek. (*Veðurstöðin Bláfeldur*)

Valþór hafði haldið á miðin til makrílveiða frá Hafnarfirði snemma um morguninn og eftir u.þ.b. níu klst. siglingu fór austursaðvörunarkerfi í gang. Í ljós kom að talsverður leki var í vélarúmi.

Skipverjar ræstu lensidælu og bættu við annarri rafmagnsdælu en þær reyndust ekki hafa undan lekanum. Var þá óskað eftir aðstoð og til að forða skemmdum var aðalvél stöðvuð en þá var sjór kominn upp undir palla og farinn að slettast á rafmagnsbúnað. Við það að stöðva vélina varð lensibúnaðurinn óvirkur en þá hætti sjór að hækka í vélarúminu.

Björgunarskipið Björg frá Rifi kom á staðinn með lensidælu og gekk vel að dæla úr bátnum með henni eftir að hún hafði verið tengd. Eftir dælingu kom í ljós að sjórör í kælibúnaði aðalvélarinnar hafði gefið sig og var þá lokað fyrir botnloka.

Varðskip dró Valþór til Hafnarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að rörið sem gaf sig var $2^{1/2}$ tommu stálrör og fór í sundur við flangs á vatnskælinum. Skipstjóri taldi það hafa farið í sundur vegna tæringar og aldurs. Við viðgerð var notað samskonar rör;
- að talsvert tjón varð á rafmagnstöflu og öðrum rafbúnaði í vélarúmi;
- að báturinn var ekki lestaður.

Nefndarálit:

Orsök lekans var að gamalt og lélegt sjókælirör gaf sig sem rekja má til skorts á viðhaldi.